# FUNDUR MEÐ FORSTÖÐUMÖNNUM.

Mánudaginn 12. janúar 2009 kl. 13:00 var haldinn fundur sveitarstjórnar með forstöðumönnum stofnana sveitarfélagsins í fundarsal Ráðhúss.

Guðný Helga Björnsdóttir, oddviti setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Guðný fór yfir atriði er varða afgreiðslu fjárhagsáætlunar ársins 2009.

Skúli Þórðarson, sveitarstjóri greindi frá því að drög að starfsmannastefnu Húnaþings vestra hafa verið lögð fyrir byggðarráð og mun starfsmannastefnan verða lögð fyrir sveitarstjórn í febrúarmánuði.

Guðrún Ragnarsdóttir, skrifstofustjóri sagði frá áformum um skipulagningu á sameiginlegum innkaupum fyrir stofnanir sveitarfélagsins. Skrifstofustjóri, skólastjóri grunnskóla og leikskólastjóri munu leggja fram tillögur um samræmd innkaup.

Almennt rætt um fjárhagsáætlun fyrir einstakar stofnanir sveitarfélagsins. Forstöðumenn tjáðu sig um starfsemi og stöðu sinna stofnana svo og fjölmörg atriði er tengjast starfsemi sveitarfélagsins.

Fundi slitið kl. 14:15